



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Breyting á kosningalögum nr. 112/2021
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Dómsmálaráðuneyti
Innleiðing EES- gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	31. október 2025

A. Úrlausnarefni

1. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins 2024 er kveðið á um að breyta skuli kosningalögum til að auka jafnræði í atkvæðavægi og þingsætadreifingu. Markmiðið með breytingunum er að tryggja sem best að atkvæði allra landsmanna sem greidd eru í kosningum vegi sem jafnast.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að reglur kosningalaga feli í sér að vægi atkvæða á milli kjördæma sé eins jafnt og unnt er, sem og að sem mest samræmi sé á milli fjölda þingmanna og þeirra atkvæða sem greidd eru hverjum þingflokki. Leggja skal til grundvallar ákvæði 31. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands þannig að þær breytingar sem lagðar eru til rúmist innan ákvæða stjórnarskrárinnar.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Reglur kosningalaga í dag tryggja ekki nægjanlega að jafnræði í atkvæðavægi og þingsætadreifingu. Hafa atkvæði greidd í kjördæmum á landsbyggðinni þannig meira vægi en atkvæði sem greidd eru í kjördæmum á höfuðborgarsvæðinu.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.
Kveðið er á um þessar breytingar í aðgerð nr. 22 í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins.
2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.
Sjá svar í A1

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?
Óbreytt ástand með tilheyrandi ójafnvægi í atkvæðavægi og þingsætadreifingu.
2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.
Um framkvæmd kosninga er kveðið á um í stjórnarskrá, lögum og reglugerðum. Ekki er unnt að ná markmiðinu um frekari jöfnuð í dreifingu atkvæða nema með breytingu á

kosningalögum. Breytingarnar verða hins vegar að rúmast innan þeirra marka sem stjórnarskráin setur um þessi tilvik. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu. Helst er um að ræða breytingar á II. kafla kosningalaga.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni. Sjá svar í kafla A. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Sjá svar í kafla A.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er í 31. gr. m.a. kveðið á um fjölda þingmanna, hámarks og lágmarks fjölda kjördæma, kjördæmamörk og úthlutun þingsæta. Þær breytingar sem gera á á kosningalögunum taka mið af þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar og eiga að rúmast innan þeirrar heimildar sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir að kveða megi nánar á um í kosningalögum. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Stjórnmalasamtök, sveitarstjórnir, Samband íslenskra sveitarfélaga, yfirkjörstjórnir, landskjörstjórn, Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Þær stofnanir sem breyting mun hafa áhrif á eiga annars vegar undir málefnasvið innviðaráðuneytis og hins vegar fjármálaráðuneytið. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Ekki hefur farið fram samráð enn sem komið er. 4. Fyrirhugað samráð. Fyrirhugað er samráð um áformin í Samráðsgátt. Frumvarpsdrög verða svo aðgengileg í Samráðsgátt þegar þau liggja fyrir.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina? Nei

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Við breytingar á kosningalögum þarf ávallt að hafa góðan aðdraganda að gildistöku breytinga. Kynna þarf breytingarnar bæði fyrir kjósendum, frambjóðendum og þeim sem undirbúa og framkvæma kosningar. Þá þarf að breyta tölvukerfum sem halda utan um framkvæmd og niðurstöðu kosninga.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Góð kynning á þeim breytingum sem verða á lögunum og fræðsla til þeirra sem sinna kosningum og undirbúningi kosninga.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

Sjá svar við spurningu 5.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Hagstofa Íslands aflar ýmissa gagna er varða kosningar. Þau gögn geta verið grundvöllur undir mat á áhrifum breytinganna.

I. Annað

|

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.